Kópavogsbær

Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar
Bt. Björg Baldursdóttir, formaður

21. september 2026

Efni: Drög að breytingum á reglum um akstursþjónustu fyrir eldra fólk í Kópavogi

Akstursþjónusta fyrir eldra fólk er ekki lögbundin þjónusta en flest sveitarfélög kjósa að bjóða uppá akstursþjónustu fyrir þennan hóp fólks. Reglur Kópavogsbæjar voru síðast uppfærðar í desember 2020. Meðfylgjandi drög fela í sér breytingar sem annars vegar miða að því að skýra gildandi reglur og stuðla að samræmdri málsmeðferð og hins vegar að endurskoða ákveðin efnisatriði í ljósi reynslu undanfarinna ára og þeirra álitaefna sem komið hafa upp við afgreiðslu umsókna.

Skilyrði fyrir þjónustunni (1. gr.)

Í fyrstu grein reglnanna er orðalagi breytt og skerpt á því fyrir hverja þjónustan er ætluð, eldra fólk sem er með lögheimili í Kópavogi, búa sjálfstætt en ekki á stofnun og geta ekki nýtt eigið farartæki eða almenningssamgöngur. Í eldri reglum er kveðið á um að umsækjendur hafi ekki aðgang að eigin farartæki en í einhverjum tilvikum, t.d. hjá hjónum, er til farartæki á heimilinu en annar aðilinn getur ekki nýtt það vegna öldrunartengdra skerðinga. Þá er bætt við að fólk með staðfesta lögblindu geti fengið akstursþjónustu út frá samningi við Blindrafélagið. Málsgrein um að fatlað fólk sem nær 67 ára aldri eigi áfram rétt á akstursþjónustu fatlaðs fólks er felld úr reglunum og færð í reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Ákvæði um að í undantekningartilvikum sé veitt akstursþjónusta þegar um tímabundna hreyfihömlun sé að ræða, óháð aldri, er fellt á brott.

Fjöldi ferða og gjaldtaka (2. – 3. gr.)

Í greinum tvö og þrjú er fjallað um hámarksfjölda ferða og gjaldtöku. Samkvæmt gildandi reglum er hámarksfjöldi ferða 16 ferðir á mánuði og heimilt að veita tímabundið fleiri ferðir vegna sérstakra aðstæðna sem tilteknar eru í reglunum. Í núgildandi gjaldskrá kosta fyrstu 16 ferðirnar notanda þjónustunnar 673,- kr., stök ferð umfram 16 ferðir kostar 1.346,- kr., gjald vegna samdægursferða nemur kr. 1000,- kr. aukalega fyrir hverja ferð. Miðað við þjónustusamning bæjarins við akstursaðila í dag, er raunkostnaður hverrar ferðar 3.937,- kr. ef ferð er innan Kópavogs eða annar endi hennar í Kópavogi.

Breytingar verða á þessum liðum. Fjöldi ferða verður áfram 16 ferðir á mánuði en í rökstuddum tilfellum er hægt að fá fleiri ferðir, en þó aldrei fleiri en 32. Tekið er út akstur í dagdvöl aldraða utan bæjarfélagsins þar sem akstur í dagdvalir falla ekki undir þessar reglur. Breytingar verða á gjaldskrá og er tillaga að hafa gjaldflokkana tvo og sömu tekjuviðmið og eru í stuðningsþjónustunni. Rætt var um að hafa gjaldið tengt við strætógjald en sökum þess að

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.11.2026

gjaldskrá strætó er á höndum annarra aðila telur sérfræðingur á skrifstofu áhættu og fjárstýringar skynsamara að hafa gjaldið hlutfall af raunkostnaði ferðar skv. samningi við akstursaðila. Gjaldskrá yrði uppfærð á 3ja mánaða fresti eins og gjaldskrá fyrir heimsendan mat þar sem raungjald ferða er vísitölutengt.

Gjaldflokkur 1 – 787 kr. ferðin fyrstu 16 ferðirnar (20% hlutfall) – 1.772 kr. umfram 16 ferðir (45% hlutfall).
Gjaldflokkur 2 – 1.772 kr. ferðin fyrstu 16 ferðirnar (45% hlutfall) – 2.362 kr. umfram 16 ferðir (60% hlutfall).

Umsóknir og framkvæmd þjónustunnar (4. – 6. gr.)

Í greinum fjögur, fimm og sex er einungis um orðalagsbreytingar að ræða.

Akstur til og frá stofnunum (7. gr.)

Í sjöundu greininni er fjallað um akstur fyrir eldra fólk til og frá stofnunum. Samkvæmt gildandi reglum er kveðið á um að þjónustan sé ætluð þeim sem búa á eigin heimili en heimilt sé að veita undanþágu í rökstuddum tilvikum til að sinna einkaerindum eða til að fyrirbyggja félagslega einangrun. Jafnframt er vísað til 14.gr. laga um málefni aldraðra, þar sem kveðið er á um að hjúkrunarheimilum beri að tryggja íbúum sínum hjúkrunarþjónustu, læknisþjónustu og endurhæfingu. Reynslan hefur sýnt að þessi undanþágugrein er ekki nógu skýr og hefur það leitt til álitaefna við afgreiðslu umsókna og áfrýjunarmála. Undanþágugreinin er því fjarlægð úr reglunum.

Aðrar breytingar og viðbætur (8. gr. og áfram)

Í áttundu grein er felld á brott málsgrein um akstur í dagsvist fyrir utan Kópavog en ekki er talin þörf til að tilgreina þetta sérstaklega í reglum.

Níunda greinin var tekin út, búið er að fjalla um það ofar í þessu minnisblaði út frá breytingum á 1. gr. reglnanna.

Greinar níu til tuttugu eru nýjar inn í reglurnar en eru í samræmi við aðrar reglur Kópavogsbæjar um endurskoðunarákvæði, leiðbeiningaskyldu, áfrýjun og persónuvernd.

Virðingafyllst

Anna Guðrún Halldórsdóttir
Teymisstjóri ráðgjafarteymis fullorðinna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.11.2026